



## ALMENNAR STAÐARREGLUR 2020 UM HEGÐUN LEIKMANNA

Leikmenn skulu við þátttöku sína í mótum á vegum Golfsambands Íslands haga framkomu sinni allri í samræmi við 10. gr. móta- og keppendareglu GSÍ og samkvæmt siðareglum ÍSÍ og hegðunarviðmiðum þess.

Brot á hegðunarreglunum geta varðað vítum, samanber eftirfarandi dæmi.

Eðli brots	Fyrsta brot	Annað brot	Þriðja brot	Fjórða brot
<b>Minniháttar brot, t.d.:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Truflun, t.d. vegna síma.</li><li>• Torfusneplar ekki settir á sinn stað.</li></ul>	Áminning	Eitt vítahögg	Almennt víti	Frávísun
<b>Almenn brot, t.d.:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Óvirðing við starfsmenn eða aðra leikmenn.</li><li>• Kasta kylfu í bræðiskasti.</li></ul>	Eitt vítahögg	Almennt víti	Frávísun	
<b>Alvarleg brot, t.d.:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Óþarfa skemmdir á flötum.</li><li>• Kasta kylfu í bræðiskasti og setja einhvern einstakling í hættu.</li></ul>	Almennt víti	Frávísun		
<b>Mjög alvarleg brot, t.d.:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Líkamsárás.</li><li>• Að hafa rangt við.</li><li>• Neysla vímuefna.</li></ul>	Frávísun			

Brot safnast upp innan sama móts, þ.e. horft er á keppnina í heild sinni þegar litið er til endurtekinna brota.

Framangreind dæmi eru alls ekki tæmandi heldur einungis til viðmiðunar. Lokaákvörðun um víti er ávallt í höndum dómara og mótssjórnar.